

Þjálfun

- sniðin að þínum þörfum



Vilmar Pétursson


Capacent hefur um árabil verið leiðandi á sviði þjálfunar og fræðslu innan fyrirtækja og stofnana. Fjöldi þeirra stjórnenda sem sótt hafa námskeið og fræðslu á okkar vegum á síðastliðnum árum skiptir þúsundum. Í samræmi við þær áherslubreytingar sem átt hafa sér stað í mannauðsmálum sl. ár, og ábendingar frá okkar viðskiptavinum höfum við breytt um nálgun í fræðslumálum.

Próun síðustu ára í mannauðsmálum hefur verið sú að samtvinna aðgerðir í fræðslumálum betur við heildarmarkmið viðkomandi vinnustaðar. Fræðsla og þjálfun starfsfólks er hluti af þeim mannauðsverkefnum sem mikilvægt er fyrir vinnustaði að huga stöðugt að þannig að til staðar séu rétt viðhorf, færni og þekking til að ná þeim markmiðum sem að er stefnt.

Megináhersla Capacent í fræðslu og þjálfun er að sníða lausnir að þörfum viðskiptavina. Þetta ásamt þekkingu og reynslu í fræðslu fullorðinna gefur okkur möguleika að koma til móts við fjölbreyttar þarfir. Við höfum þá trú að slíkt skili betri árangri og sé hagkvæmara en skyndilausnir, jafnvel þó að þær heiti fallettum nöfnum.

Til að ná þessu fram er verklag okkar eftirfarandi:

- Við gerum þarfagreiningu áður en farið er af stað. Þarfagreiningin getur verið með ýmsu móti og mismunandi að umfangi eftir aðstæðum hverju sinni.
- Sjálf þjálfunin er ákveðin á forsendum þarfagreiningarinnar. Við leggjum áherslu á virkni þátttakenda og að þeir vinni að raunhæfum verkefnum til að viðfangsefnið lærist og yfirfærast á aðstæður þátttakenda.
- Eftirfylgni er nauðsynleg, bæði sem aðhald og hvati til að hringja í framkvæmd því sem unnið hefur verið að í þjálfuninni og eins sem mat á hvernig til hefur tekist. Eftirfylgnin getur síðan nýst sem fyrsta stig í nýrri greiningu í hringrás stöðugra umbóta.



Við lítum svo á að umfjöllunarefnið, eða þjálfunin sjálf hverju sinni, ráðist af þeim áskorunum sem viðskiptavinurinn stendur frammi fyrir. Með því að horfa á þjálfun sem ferli, en ekki einstakan atburð, eru líkur þess að árangur hljótist af þjálfuninni margfaldar.

Capacent hefur á að skipta um 100 sérfræðingum á öllum sviðum reksturs og stjórnunar. Þeirra hlutverk er að aðstoða forsvarsmenn fyrirtækja og stofnana að greina rétt þær áskoranir sem staðið er frammi fyrir hverju sinni og hjálpa þeim að gera nauðsynlegar breytingar. Þjálfun stjórnenda og starfsfólks er oft veigamikill hluti í slíku breytingarferli, en ekki markmið í sjálfa sér.

Í því ljósi þarf ávallt að sérnsíða þjálfun að aðstæðum hverju sinni.

Vilmar Pétursson er ráðgjafi hjá Capacent. Sérsvið hans eru stjórnenda- og starfsmannaþjálfun, mannauðsmál, breytingastjórnun, lóðsun og viðtalstækni. Hann er BA í félagsfræði og félagsráðgjöf frá HÍ og MSc í stjórnun og evrópufræðum frá Norwegian School of Management. Vilmar hefur starfað sem ráðgjafi og stjórnendaþjálfari frá 2000, verið stundakennari við HÍ, verkefnastjóri Evrópuverkefna hjá Samtökum iðnaðarins og deildarstjóri unglingsdeildar Félagsmálastofnunar.